

Rangárþing eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 28. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0026
IAS

Efni: Tillaga að deiliskipulagi, Hattfellsgil, Rangárþing eystra

Vísað er til erindis frá Rangárþingi eystra, dagsett 18. október, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hattfellsgil í Rangárþingi eystra.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem affreyningar- og ferðamannasvæði, AF23. Um er að ræða fjallasel þar sem heimild er fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins og setja skilmála um uppbyggingu til framtíðar. Stofnuð verður 5.333 m² lóð. Innan byggingarreits eru tvær byggingar, heimilt verður að biðhalda byggingum og/eða byggja við, samtals allt að 100 m² skála og um 50 m² hesthús/geymslu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Deiliskipulagssvæðið er innan svæðis 761 á náttúruminjaskrá þar sem segir: „Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.“ Þetta þarf að koma fram í: „Töflu 3. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.“ Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá er ekki rétt að segja að engar þekktar náttúru eða menningarminjar séu á svæðinu.

Stærð núverandi bygginga kemur ekki fram, aðeins að um sé að ræða fjallasel með heimild fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Mikilvægt er að nýjar byggingar, sem og önnur mannvirki, rýri ekki ásynð og þar með verndargildi svæðisins.

Á loftmyndum sést að suður af skipulagssvæðinu er lúpína farin að dreifa sér, best væri ef hægt væri að útrýma henni eða a.m.k. koma í veg fyrir að hún dreifi sér frekar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

